



# Akraneskaupstaður

## FUNDARBOÐ

**1404. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,  
þriðjudaginn 10. desember 2024 og hefst kl. 17:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2411022 - Lán - langtímafjármögnun útboð**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 5. desember 2024, fyrirbyggjandi tillögu um val á tilboði um langtímafjármögnun sbr. nánari skýringu í trúnaðarbók og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

**2. 2410062 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 5. desember 2024 gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs hjá Akraneskaupstað og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

**3. 2410292 - Höfði - Fjárhagsáætlun 2025 - 2028**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 5. desember 2024 að vísa fjárhagsáætlun Höfða vegna ársins 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026 til og með 2028 til síðari umræðu í bæjarstjórn.

**4. 2409132 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2025-2034**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 5. desember 2024 að vísa fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026 til og með 2028 til síðari umræðu í bæjarstjórn.

**5. 2406142 - Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026-2028**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 5. desember 2024 að vísa fjárhagsáætlun ársins 2025 og þriggja ára áætlun vegna áranna 2026 til og með 2028 ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni til síðari umræðu í bæjarstjórn sem fram fer þriðjudaginn 10. desember næstkomandi.

**6. 2408042 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2024**

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 25 við fjárhagsáætlun ársins 2024 á fundi sínum þann 28. nóvember 2024.

- 7. 2403271 - Fjárhagsáætlun 2024 - viðaukar**  
Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 26 við fjárhagsáætlun ársins 2024 á fundi sínum þann 28. nóvember 2024.
- 8. 2408200 - Samræmd móttaka flóttafólks - framlenging samnings**  
Bæjarráð samþykkti framlengingu samnings vegna ársins 2024 án skilyrða og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.
- 9. 2411163 - Samræmd móttaka flóttafólks - samningur 2025**  
Bæjarráð samþykkti framlengingu samnings vegna ársins 2025 um samræmda móttöku flóttafólks og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.
- 10. 2408258 - Húsnæðisáætlun 2025**  
Bæjarráð samþykkti húsnæðisáætlun vegna ársins 2025 og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar á fundi sínum þann 28. nóvember 2024.
- 11. 2411005 - Aðgerðaáætlun vegna innleiðingar barnasáttmálans**  
Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 5. desember 2024 aðgerðaráætlun vegna innleiðingar barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnsýslu Akraneskaupstaðar og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegra ákvörðunar.
- 12. 2411201 - Jafnlaunastefna Akraneskaupstaðar 2024**  
Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 5. desember 2024 uppfærða jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar og Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis og vísað til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.
- 13. 2411200 - Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar 2024**  
Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 5. desember 2024 uppfærða jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar og Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.
- 14. 2412054 - Dalbraut 6 - leiguíbúðir fyrir aldraða**  
Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 5. desember 2024 fyrir sitt leyti sölu íbúðanna (alls 31 íbúð) í fjöleignarhúsinu að Dalbraut 6 frá Leigufélagi aldraðra hses til Brákar íbúðafélags hses, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.  
  
Jafnframt samþykkti bæjarráð að heildarstofnframlag vegna verkefnisins sbr. fyrirbyggjandi samning frá 21. febrúar 2021, minnisblað Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 10. október 2024 og bókun bæjarstjórnar í trúnaðarbók þann 22. október 2024 vegna viðbótarstofnframlags o.fl. verði veitt Brák íbúðafélagi hses. enda yfirtekur félagið réttindi og skyldur Leigufélags aldraða hses. í verkefninu.  
  
Bæjarráð vísaði málin til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

**15. 2406240 - Breyting á aðalskipulagi vegna Innnesvegur 1 - Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn Löðurs ehf. um breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 vegna Innnesvegur 1. Sett verður sérákvæði í fyrir landnotkunarflokk VP-212 sem heimilar starfsemi bílaþvottastöðvar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreyting verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**16. 2308168 - Deiliskipulag Flatahverfi klasi 5 og 6 Innnesvegur 1 Breyting - umsókn til Skipulagsfulltúra**

Umsókn Löðurs ehf. um breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis klasi 5 og klasi 6 vegna Innnesvegur 1. Breyting felst í að heimilt verði að hafa starfsemi bílaþvottastöð í húsnæðinu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreyting verði auglýst í samræmi við 1.mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**17. 2412083 - Fundir bæjarstjórnar**

Gerð er tillaga um að fella niður fund bæjarstjórnar sem samkvæmt fundaaætlun ársins ætti að vera 24. desember næstkomandi.

**Fundargerðir til kynningar**

**18. 2401002 - Fundargerðir 2024 - bæjarráð**

3580. fundargerð bæjarráðs frá 28. nóvember 2024.

3581. fundargerð bæjarráðs frá 5. desember 2024.

**19. 2401005 - Fundargerðir 2024 - skipulags- og umhverfisráð**

315. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 2. desember 2024

**20. 2401004 - Fundargerðir 2024 - skóla- og frístundaráð**

251. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 4. desember 2024.

**21. 2401003 - Fundargerðir 2024 - velferðar- og mannréttindaráð**

236. fundargeðr velferðar- og mannréttindaráðs frá 3. desember 2024.

**22. 2405187 - Starfshópur Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar varðandi rekstrarform Höfða**

Fundargerðir starfshóps um starfsemi og rekstur Höfða frá 30. ágúst 2024, 24. október 2024 og 7. nóvember 2024.

**23. 2401024 - Fundargerðir 2024 - Faxaflóahafnir**

248. fundur stjórnar Faxaflóahafnar sf. 18. október 2024.

- 24. 2401027 - Fundargerðir 2024 - Orkuveita Reykjavíkur**  
357. Fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 28. október 2024.
- 25. 2401028 - Fundargerðir 2024 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar**  
956. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 20. nóvember 2024.  
957. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. nóvember 2024.  
958. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. nóvember 2024.
- 26. 2401028 - Fundargerðir 2024 - Samband íslenskra sveitarfélaga - tilkynningar.**  
958. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. nóvember 2024.
- 27. 2401026 - Fundargerðir 2024 - SSV**  
183. fundargerð stjórnar SSV frá 28. ágúst 2024.  
184. fundargerð stjórnar SSV frá 15. október 2024.

10.12.2024  
Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.